

## Leiðir leikskólans til jákvæðrar hegðunar.

Börn á leikskólaldri eru að læra að fara eftir reglum umhverfisins og að vera í hóp. Við viljum að börn læri að taka tillit til hvers annars, virði rétt annarra og læri að gefa og þiggja. Í leikskólanum eru nokkrar einfaldar reglur sem börnin læra að fara eftir með auknum aldri og þroska. Það er t.d. að læra að ganga frá fötunum sínum, sitja við matarborðið á meðan er verið að borða, þvo hendur eftir klósettferðir, taka saman dótið eftir sig, geti hlustað á sögur, hlustað á kennarann sinn, lært að segja frá fyrir framan hóp o.s.frv.

Við viljum að öllum börnum líði vel hjá okkur í leikskólanum, læri að takast á við alls kyns áskoranir, öðlist gott sjálfsstraust og sýni góða framkomu.

Á yngri deildunum eru börnin að læra að vera innan um hóp, læra mun á réttu og röngu. Það er gert með því að segja þeim hvað er viðeigandi og hvað ekki, á einfaldan og skýran hátt t.d. það má ekki bíta, þetta er ekki í boði.

Þegar við stöndum frammi fyrir erfiðri hegðun hjá börnum þurfum við fyrst og fremst að skoða aðstæður. Hvar kemur hegðunin fram? Í hvað aðstæðum er hún erfiðust? Barn getur verið með erfiða hegðun á mörgum sviðum í einu, t.d. er erfitt í matmálstímum, gengur illa með félagsleg samskipti (bítur, klípur, skemmir fyrir öðrum) eða er mótþróafullt við að klæða sig út.

Mikilvægt að skoða eitt atferli í einu. Þegar við erum búin að átta okkur á vandanum þurfum við að ákveða hvernig við bregðumst við. Það er mjög mikilvægt að allir kennarar séu sammála um leiðir og bregðist eins við. Einnig er mikilvægt að allar reglur eru skýrar í leikskólanum svo barnið sé ekki stöðugt að rekast á og fá misvísandi skilaboð því það skapar óöryggi.

Mikilvægt er að foreldrar séu upplýstir og séu sammála um leiðir. Oft eru foreldrar að glíma við svipaðan vanda heima. Ef barn er að glíma við mikla hegðunarerfiðleika í leikskólanum og heima er mikilvægt að þeir sem vinna með barnið hittist reglulega á samráðsfundum og fari yfir hvernig gengur. Ef þörf er á eru kallaðir til sérfræðingar til að fá ráðgjöf og stuðning varðandi hvaða leiðir sé best að fara með viðkomandi barn með fullu samþykki og í samráði við foreldra.

**Hvað gerum við?** Börn með erfiða hegðun eiga á hættu að upplifa sífellt neikvæð viðbrögð. Það sem þarf að gæta vel að er að vera ekki í sífellu að nefna eða kalla nafn barnsins s.s. í útiveru/inni á deild, heldur frekar að labba að því og

ræða við það augliti til auglitis. Það er lykil atriði að barnið upplifi vellíðan í leikskólanum og finnist það velkomið og geti átt og lært góð samskipti við nemendur og kennara. Mikilvægt er að veita barninu jákvæða athygli, hrós, klapp á kollinn, vingjarnlegt bros og/eða merki með hendi þegar það sýnir góða hegðun.

Tekið er á óæskilegri hegðun með því að ræða við barnið í rólegheitum þar sem barninu er gefin kostur á að breyta hegðun sinni. Við notum töfrar 1-2-3 því það er einfalt og skýrt og margir foreldrar nota það heima.

Með því að nota töfrar 1-2-3 fær barnið tækifæri á að breyta hegðun sinni. Útskýra þarf vel fyrir börnunum út á hvað töfrar 1-2-3 gengur. Ef barnið tekur ekki tiltali þá segjum við :

**Þetta er 1:** Bíða smá stund og athuga hvort hegðunin heldur áfram. Á meðan á þessu stendur á ekki að tala eða rausa við barnið. Ef hegðunin heldur áfram þá er sagt :

**Þetta er 2:** Bíða áfram smá stund og athuga hvort hegðunin heldur áfram. Ekki tala eða rausa á meðan. Ef hegðunin heldur áfram þá er sagt :

**Þetta er 3:** sem þýðir að viðkomandi tekur hlé. Það að taka hlé getur verið að fara afsíðis í smá stund (alltaf með kennara). Barninu er síðan boðið að koma aftur og ekki minnt á það sem gerist nema að nauðsyn krefji t.d. er það útskýrt fyrir barninu að það er ekki í boði að bíta/lemja/hrækja/meiða nemendur eða kennara. Börn vita flest muninn á réttu og röngu og því langar ræður um atvikið óþarfar.

Það er árangursríkara að gefa neikvæðu atferli sem minnsta athygli, en vera duglegur að hrósa barninu og gefa því jákvæða athygli eins oft og hægt er. Það að sýna barni kærleiksríkt viðhorf er best til þess fallið að ná fram jákvæðu atferli hjá barninu. Við á leikskólanum viljum vera óspör á vingjarnlegt bros, klapp á kollinn, strokur um kinnar, sýna væntumþykkju og hlýju. Við þurfum þó alltaf að virða mörk barnsins t.d. ef barn vill ekki knús, þá látum við nægja vingjarnlegt bros. Barnið þarf að nálgast á þess eigin forsendum.

**Það að ala upp barn er samstarfsverkefni foreldra og leikskóla.**

Unnið í samráði við kennara leikskólans á vorönn 2015 og lagt fyrir foreldrarráð.  
Helga leikskólastjóri.

